

## Fundargerð 305. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg  
Fundardagur: þriðjudagur 15. október 2024  
Fundartími: 19:00-19:30  
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Helena Hólm  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 289, dags. 09.10.2024

#### a) Gaulverjabæjarskóli L165520, Félagslundur L165473 og Íþróttavöllur L165521;

##### Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóða – 2409086

Lögð er fram merkjaly sing dags. 18.09.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, er varðar afmörkun og breytta stærð lóðanna Gaulverjabæjarskóli L165520, Félagslundur L165473 og Íþróttavöllur L165521 í Flóahreppi sem byggir m.a. á afsali frá 2001. Skv. merkjaly singunni þá sameinast Íþróttavöllur (skráð 1,4 ha) við Félagslund (skráð 700 fm) sem verður 1,9 ha eftir breytingu og Gaulverjabæjarskóli stækkar úr 1,3 ha í 2,7 ha eftir breytingu skv. nákvæmari skilgreiningu og mælingum á afmörkun lóðanna sem nú liggur fyrir. Einnig liggur fyrir deiliskipulag fyrir Gaulverjabæjarskóla L165520, samþ. í sveitarstjórn þ. 09.07.2024, sem er í samræmi við afmörkun lóðarinnar skv. merkjaly singu.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu lóðanna skv. framlagðri merkjaly singu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu lóðanna Gaulverjabæjarskóli L165520, Félagslundur L165473 og Íþróttavöllur L165521 skv. framlagðri merkjaly singu. Sveitarstjórn samþykkir framlagða merkjaly singu fyrir ofangreindar lóðir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Mosató 6 L231444; Frístundabyggð í íbúðarhúsabyggð; Deiliskipulagsbreyting – 2409036

Lögð er fram umsókn sem tekur til breytingar á deiliskipulagi á lóð Mosató 6 L231444 í Flóahreppi. Lóðin er skilgreind sem frístundalóð en í breytingunni felst að lóðin verði skilgreind sem íbúðarhúsalóð.

*Skipulagsnefnd UTU vísar til fyrri afgreiðslu er varðar lóðir Mósatóar 7 og 8 þar sem skipulagsfulltrúa var falið að funda með eigendum lóða 6, 7 og 8 varðandi framtíðarskipulag viðkomandi lóða. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað og að málmu verði vísað til úrvinnslu skipulagsfulltrúa.*

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar til fyrri afgreiðslu er varðar lóðir Mósatóar 7 og 8 þar sem skipulagsfulltrúa var falið að funda með eigendum lóða 6, 7 og 8 varðandi

framtíðarskipulag viðkomandi lóða. Sveitarstjórn frekstar afgreiðslu málsins og vísar því til úrvinnslu skipulagsfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Skálmholt land G L199351; Hraunhólar; Breytt heiti lands – 2410020**

Lögð er fram umsókn þar sem óskað er eftir að breyta staðfangi landsins Skálmholt land G L199351. Óskað er eftir að landið fái staðvísinn Hraunhólar. Fyrir liggur rökstuðningur eiganda fyrir nafnainu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við framlagða beiðni um breytt staðfang landsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir beiðni um breytt staðfang landsins Skálmholt land G L199351 og að það fái staðfangið Hraunhólar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri; Aðalskipulagsbreyting – 2408073**

Lögð er fram eftir kynningu tillaga aðalskipulagsbreytingar þem sem tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmsholts. Vatnsbólið er í Flóahreppi en vatnsverndarsvæði er skilgreint þvert á sveitarfélagsmörk í Flóahreppi og Skeiða og Gnúpverjahreppi. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun. Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæði.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmsholts verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

*Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar:*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Tillagan tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmsholts í Flóahreppi og vatnsverndarsvæði sem skilgreint er þvert á sveitarfélagamörk í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Krækishólar lóð L166421; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2405030**

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps er varðar íbúðarsvæði Krækishóla L166421. Í breytingunni felst nánari skilgreining á heimildum innan lóða er varðar aukahús tengd uppbyggingu íbúðarhúsa. Nánari skilgreining byggingarheimilda verði innan deiliskipulags svæðisins. Athugasemdir bárust við fyrri tillögu og er hún því lögð fram að nýju.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstæða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnum til samþykktar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir óverulegar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er varðar íbúðarsvæði Krækishóla L166421. Í breytingunni felst nánari skilgreining á heimildum innan lóða er varðar aukahús tengd uppbyggingu íbúðarhúsa. Nánari skilgreining byggingarheimilda verði innan deiliskipulags svæðisins. Sveitarstjórn

samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 212, dags. 02.10.2024**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Þingborg eldri**

Í kjölfarið á erindum til sveitarstjórnar vegna sýnds áhuga á kaupum á fasteigninni Þingborg eldri F2201101, sem bókað var um á fundum sveitarstjórnar nr. 296. og 299, þá fór sveitarstjórn í skoðunarferð um húsnæðið. Ljóst þykir að mikil viðhaldspörf er á fasteigninni. Á 304. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn að ákvörðun um framtíðarnotkun og hlutverk fasteignarinnar Þingborgar eldri F2201101 yrði tekin fyrir að nýju á 305. fundi sveitarstjórnar. Í dag eru tveir leigjendur í húsinu sem reka þar verslun og gallerý. Í ljósi fyrirhugaðra fjárfestinga í lögbundnum innviðum og framtíðaruppbyggingu í sveitarfélagini samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að auglýsa fasteignirnar F2201101 og F2271723 til sölu.

Sveitarstjóra er falið að undirbúa söluferli á fasteignunum. Óskað verður eftir tilboðum og seljast fasteignirnar saman í því ástandi sem þær eru í og bendir sveitarstjórn þar á ríka skoðunarskyldu kaupanda. Ekki stendur til að selja lóðina með fasteignunum heldur verður gerður lóðarleigusamningur við kaupanda um lóðina með skilgreindri afmörkun lóðar. Þeir leigusamningar sem eru í gildi í fasteignunum framseljast til kaupanda við sölu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Erindi frá Jónínu Einarsdóttur og Gísla Haukssyni – Brottfall samnings milli eigenda jarðarinnar Lauga, L166252, fyrrum Hraungerðishrepps nú Flóahrepps, frá 1980**

Fyrir liggur erindi frá Jónínu Einarsdóttur og Gísla Haukssyni er varðar ósk landeigenda Lauga L166252 um að sveitarstjórn Flóahrepps felli samning milli eigenda jarðarinnar Lauga og fyrrum Hraungerðishrepps, nú Flóahrepps, úr gildi. Samningurinn var undirritaður 16. maí 1980 og viðbóta- og breytingasamningur undirritaður 4. júlí 1980. Með samningnum fékk Hraungerðishreppur rétt til borunar einnar holu eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Lauga og til að virkja þann jarðhita sem fengist með boruninni.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að skoða málið ásamt lögmanni sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Erindi frá Guðna Ágústssyni f.h. Flóamannabókar – Ósk um niðurfellingu á húsaleigu í Þingborg**

Fyrir liggur erindi frá Guðna Ágústssyni fyrir hönd stjórnar Flóamannabókar þar sem óskað er eftir niðurfellingu á húsaleigu vegna árlegs Kótelettukvölds sem er fjárlöfun til styrktar útgáfu Flóamannabókar og félagsleg stuðningshátið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fella niður húsaleigu á félagsheimilinu Þingborg að upphæð 105.000 kr vegna þessarar fjárlöfunar og styrkja á þann hátt verkefnið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Styrkbeiðni frá Klúbbnum Stróki**

Fyrir liggur erindi frá Klúbbnum Stróki á Selfossi þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi fyrir árið 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar fyrir komandi ár.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Fundargerðir**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 304, dags. 03.10.2024

- b) Íþrótt- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 12, dags. 24.09.2024
- c) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 24.09.2024
- d) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 13, dags. 19.09.2024 og nr. 14, dags. 26.09.2024
- e) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 76, dags. 24.09.2024
- f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 952, dags. 27.09.2024
- g) Stjórnar SASS nr. 614, dags. 04.10.2024
- h) Stjórnar Brunavarna Árnессýslu nr. 22, dags. 27.09.2024 og nr. 23, dags. 09.10.2024 ásamt drögum að fjárhagsáætlun 2025
- i) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 239, dags. 08.10.2024
- j) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 77, dags. 20.09.2024

**8. Efni til kynningar**

- a) Frá Innviðaráðuneytinu – Mál nr. S181/2024 – drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk
- b) Frá Úrvinnslusjóði – Fyrirkomulag greiðslna til sveitarfélaga vegna söfnunar plastvara á víðavangi og úr ruslabiðum árin 2023 og 2024
- c) Frá Innviðaráðuneytinu – Bréf til þáttakenda í minningardegi um förnarlömb umferðarslysa sem haldinn verður 17. nóvember
- d) Ársfundur Úrvinnslusjóði 17. október 2024
- e) Haustfundur Landsvirkjunar 30. október 2024
- f) Frá Netters og Cisco – Viðburður vegna netöryggis
- g) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 5. nóvember kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

Árni Eiríksson (sign)

Helena Hólm (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

The image shows five handwritten signatures arranged vertically. From top to bottom: 1. "Árni Eiríksson" in cursive script. 2. "Harpa Magnúsdóttir" in a larger, more formal script. 3. "Gáspár Guðmundsson" in a cursive script. 4. "Helena Hólm." in a cursive script. 5. "Hulda Kristjánsdóttir" in a cursive script.



## Fundargerð nr. 26

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 15. október 2024  
**Fundartími:** 8:15-9:45  
**Fundarmenn:** Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Sveinn Orri Einarsson, varamaður fyrir Harald Einarsson  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsdóttir ráðgjafi fundinn.  
Jón Valgeir Geirsson og Steinn Þórarinsson komu inn á fundinn undir lið 1.

*Heimir Bjarkason stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

#### 1. Verktakar í vatnsveitunni

Farið yfir helstu verkefni sem hafa verið í gangi hjá verktökum í vatnsveitunni ásamt umræðum um forgangsröðun á viðhaldi og fjárfestingum.

Rafvirkjar þurfa að klára að tengja ljósleiðara í alla dæluskúra og koma þarf upp stýringum.

Búið er að koma nýrri heimtaug að Stórhólma. Samhliða því var stofnlögn meðfram Gaulverjabærvegi frá Hófgerði að Holtsvegi lögð. Gera þarf ráð fyrir því að klára stofninn alla leið að Geggishólum á næstu árum en um 1 km er eftir til að klára það mál. Framkvæmdir við stofn voru um 400 m og svo heimtaugin aukalega.

Nefndin fjallaði um forgangsröðun verkefna og átti samráð um það við verktaka. Eftirfarandi verkefni eru nefnd vegna fjárfestinga í vatnsveitunni á næstu árum:

- Afleggja eldri lögnina með þjóðvegi 1 og koma upp dæluskúr á nýrri lögnina.  
*Mikið viðhald hefur verið á eldri lögninni og mikið um leka. Sveitarstjóri í samskiptum við landeiganda vegna möguleika á lóð fyrir dæluskúr.*
- Leggja nýja lögntíðindi frá Galtastöðum að Gaulverjabæ og færa hana að vegi.  
*Þrjár heimtaugar sem þarf að færa. Stórir lekar gjarnan á lögninni.*
- Saurbær upp í Jaðarkoti  
*Um 20 ár síðan grafið var ofan af þessari lögntíðindi og hún fæð ofar. Hefur verið skrárri síðan en þarfust frekari lagfæringar.*
- Styrkja veituna frá Gaulverjabæ og að Loftsstöðum.  
*Í dag er ein heimæð að Loftsstöðum sem fæðir alla þá bæl.*
- Ná að klára hringtengingu frá Ragnheiðarstöðum og að Gaulverjabæ.  
*Landið liggur lágt og auðvelt að plægja megnið af lögninni.*
- Lögn frá nýja stofninum að skeiðum og upp að Oddgeirshólum. Lagfæingar frá Brúnastöðum að Oddgeirshólum.
- Frá Grund að Mýrum

# FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss



Umræða um forgangsröðun vegna fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu þriggja ára þar á eftir mun fara fram á næsta fundi nefndarinnar.

## 2. Huldu og Maríuhólar

Börkur heyrir í framkvæmdaaðilum. Vantar kostnaðaráætlun frá þeim til að klára málið, gera samning og kostnaðarskiptinguna. Þarf bara eitt skurðsníð fyrir allar veiturnar sem þarna verða lagðar.

## 3. Önnur mál

### a) Kaldárhöfði

Börkur fór á fund með fulltrúum frá Grímsnes- og Grafningshreppi og Árborg 14. október. Umræður á þeim fundi um mögulega vinnsluholu á næsta ári og skiptingu á kostnaði á milli sveitarfélaganna þriggja vegna borholu.

Sveitarstjóri mun kalla eftir upplýsingum frá fundinum í formi fundargerðar eða minnispunkta. Nefndin bendir á að ef fara á í fjárfestingu í vinnsluholu að þá þurfi að liggja fyrir skuldbinding allra þriggja sveitarfélaganna um þátttöku í verkefninu til enda. Einnig væri hægt að taka stöðuna á Ölfusi um þátttöku í verkefninu. Sveitarstjóri mun heyra í kjörnum fulltrúum hinna sveitarfélaganna um framhaldið.

*Ef samþykkt verður að fara í vinnsluholu þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun næsta árs.*

### b) Brandshús

Börkur skili kostnaðaráætlun vegna fráveitumála í Brandshúsum til sveitarstjóra vegna viðaukagerðar.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 5. nóvember kl. 8:00 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

## SJÁLFBÆRNÍ

|                           |
|---------------------------|
| RAFRÆNT UNDIRRITAD        |
| Hulda Kristjánsdóttir     |
| Kt. 3001843249            |
| Dags. 16.10.2024 13:05:55 |
| Ástæða: Undirritun        |

## FRAMSÆKNÍ

|                           |
|---------------------------|
| RAFRÆNT UNDIRRITAD        |
| Helmlr Rafn Bjarkason     |
| Kt. 2005824899            |
| Dags. 16.10.2024 13:18:58 |
| Ástæða: Undirritun        |

## SAMVINNA

|                           |
|---------------------------|
| RAFRÆNT UNDIRRITAD        |
| Hjalti Guðmundsson        |
| Kt. 2609694479            |
| Dags. 16.10.2024 13:32:47 |
| Ástæða: Undirritun        |

|                           |
|---------------------------|
| RAFRÆNT UNDIRRITAD        |
| Svelinn Orrl Elharsson    |
| Kt. 1502963239            |
| Dags. 25.10.2024 13:33:22 |
| Ástæða: Undirritun        |

**Fundargerð nr. 153  
Fræðslunefnd Flóahrepps**

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 22. október 2024  
**Fundartími:** Krakkaborg 16:30 – 17:10  
Sameiginlegt 17:10 – 17:20  
Flóaskóli 17:20 – 18:30  
**Fundarmenn:** Bjarni Stefánsson, formaður  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Forfölluð  
Axel Páll Einarsson, ritari  
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður  
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla  
Bryndís Óskarsdóttir, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar  
Þórdís Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar. Forfölluð  
Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar. Forfölluð

Undir þessum lið sátu eftirfarandi fundarmenn: Bjarni Stefánsson, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Sara Guðjónsdóttir

**Krakkaborg**

## 1. Fréttir af skólastarfinu.

Vinnan við Handbók leikskólans varðandi snemmtæka íhlutun fer hægt og rólega af stað en á leikskólinn sameiginlegan starfsdag núna 1.nóvember þar sem allir starfsmenn leikskóla í uppsveitunum fá sömu fræðslu.

Danskennslan er á sínum stað að venju í október en hann Jón Pétur kemur í leikskólann að morgni til 3 daga þessa vikuna og svo 2 daga í næstu viku. Svo er stefnt á að hafa opna æfingu síðasta daginn og þá hafa foreldrar tækifæri á að koma og sjá hvað nemendur hafa lært. Skráningadagar voru að klárast og komu þeir ágætlega út. 17.október var 44,73% nýting á plássum en 31.57% þann 18.október en þessa daga voru 9 starfsmenn í heildina hvorn dag fyrir sig og störfuðu eftir umsömdum vinnutíma. Áhugavert verður að sjá hvernig þessar tölur eiga eftir að þróast á næstu skráningardögum.

2. Inntöku-og dvalarskilyrði fyrir Krakkaborg voru yfir farin og smávægilegar breytingar á orðalagi frá því á síðasta Fræðslunefndarfundi. Einnig reglu bætt við og hljómar hún svo; *Dvalartími nemenda getur verið sveigjanlegur óháð degi eftir kl. 14:00, þó er sú regla á að ekki er hægt að breyta þessu vikulega heldur er mánaðar binding. Gilda sömu reglur um breytingar á dvalartíma líkt og segir í reglu nr.11.*  
*Fræðslunefnd samþykkir þessar breytingar og þeim vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.*
3. Breyting á skóladagatali. Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings óskar eftir breytingu á skóladagatali og bæta við auka starfsdegi 19. febrúar. Hugmynd leikskólastjóra er að sameina tvö skerta daga 29.nóv og 25.feb og hafa þá óskerta með hefðbundnu leikskólastarfi í staðinn



fyrir starfsdag 19.febrúar og 2. Janúar verði þá starfmannafundur sem yrði lokaður nemendum eftir sem áður.

*Fræðslunefnd samþykkir tillögur leikskólastjóra með fyrirvara um að önnur sveitafélög sem taka þátt í verkefninu samþykki einnig.*

4. Skoðunarskýrsla um leiksvæði skoðuð og farið yfir lista með lagfæringar.  
*Fræðslunefnd hvetur til að gengið sé í aðkallandi viðhaldsverkefni sem fyrst.*
5. Drög að fjárhagsáætlun vegna Krakkaborgar skoðuð. Í áætluninni er veruleg hækkun á launakostnaði miðað við áætlun 2024. Væntanlega hefur sú áætlun verið vanmetin, einkum vegna nýrra kjarasamninga hjá ófaglærðu starfsfólk á þessu ári sem og hærra hlutfalli faglærðra. Mötuneytiskostnaður er mjög hár og skoða þyrfti hann betur. Hugmynd leikskólastjóra er hvort skoða mætti sameiginleg matarinnkaup með Flóaskóla. Að öðru leiti gerir Fræðslunefnd ekki athugasemdir við fjárhagsáætlun að svo stöddu.
6. Engin önnur mál.

Undir þessum lið sátu eftifarandi fundarmenn: Bjarni Stefánsson, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Sara Guðjónsdóttir, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir.

## 7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Undir þessum lið sátu eftifarandi fundarmenn: Bjarni Stefánsson, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Bryndís Eva Óskarsdóttir.

### Flóaskóli

8. Fréttir af skólastarfinu - Danskennsla í gangi í vikunni og næstu, svo eru æfingar fyrir leiksýningu hafnar hjá eldri bekkjum. Flóaskóli fékk veglega 20 ára afmælisgjöf frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps og verður sú gjöf notuð í leiktæki á skólalöð. Teikningar af útisvæði láta bíða eftir sér svo hægt sé að halda áfram með girðingu/skjólveggvið útikennslusvæði.
9. Starfsáætlun Flóaskóla lögð fram. Hún er einnig aðgengileg á heimasíðu skólans, floaskóli.is. Starfsáætlun Flóaskóla var tekin fyrir á glærum á fundi fræðslunefndar og fékk Fræðslunefnd greinagóða kynningu á starfsáætlun skólans, hvernig starfsáætlun er uppbyggð og hvað hún felur í sér.  
*Fræðslunefnd gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina.*
10. Reglur um skólaakstur eru í fullu gildi en á hverju ári er talað um og reynt eins og kostur er að hafa aksturinn aldrei meiri en 120 mínútur á börn sem sitja lengst í bílunum. Samþykkt að taka mál fyrir síðar.
11. Reglur um skólamáltíðir eru endurskoðaðar árlega og smávægileg breyting er lögð fram á þeim;  
1. gr. Almennt. Allir nemendur sem stunda nám við Flóaskóla fá hádegisverð þá daga sem kennsla fer fram. Allur matur skal vera í samræmi við opinber mannelidismarkmið. Nemendur

# FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss



fá einnig morgunhressingu alla daga. Máltíðir eru gjaldfrjálsar.

og;

2. gr. Starfsmenn geta keypt hádegisverð samkvæmt gjaldskrá.

*Fræðslunefnd samþykkir þessar breytingar og þeim vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.*

12. Reglur um frístundaheimili eru endurskoðaðar annað hvert ár og eru lagðar fram smávægilegar breytingar:

3.gr. Opnunartími - Frístundarheimili er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur þá daga skólaársins sem kennsla er í Flóaskóla. Daglegur opnunartími frístundar er til kl. 16:30 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:00 á föstudögum. Á starfsdögum er frístund opin frá kl. 8:00 að morgni nema annað sé tekið fram á skóladagatali. Á skertum dögum er opið frá því að kennslu lýkur. Frístund er lokað í haust- og vetrarfrí skólans. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að láta vita ef barn mætir ekki í frístund.

3. gr. Innritun - Umsóknum um vistun á frístundarheimili skal skila til ritara Flóaskóla fyrir 15.ágúst vegna komandi skólaárs.

Ef breyta á vistun hjá börnum skulu breytingar berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur það gildi um næstu mánaðarmót á eftir.

Á starfsdögum er í boði fyrir öll börn sem eru skráð í frístund að vera í vistun. Greitt er sérstaklega fyrir vistunina ef barn er alla jafna ekki skráð þann vikudag í frístund.

5. gr. Sumarfrístund - Eftir miðjan ágúst er boðið upp á sumarfrístund fyrir börn í verðandi 1.-4. bekk. Skráð er sérstaklega í þessa vistun. Umsóknum skal skila til ritara Flóaskóla fyrir 12.ágúst.

*Fræðslunefnd samþykkir þessar breytingar og þeim vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.*

13. Skoðunarskýrsla um leiksvæði- yfirfarin, skoðuð og kynnt fyrir Fræðslunefnd

14. Fjárhagsáætlun vegna Flóaskóla - í áætlun er gert ráð fyrir flatri 6% hækjun á flestum liðum en svo eru sumir liðir teknir sérstaklega fyrir með ýmist lækkun eða hækjun. Fræðslunefnd fékk greinagöða yfirferð í Excel-skjali og rökstuðning fyrir útgjöldum skólans.

Liður 3730 var aðeins tekin fyrir, endurmenntun og námskeið. Umræður snérust aðallega um að koma á móts við starfsfólk sem getur ekki sótt um styrki til KÍ fyrir ferðir eða á námskeið.

*Fræðslunefnd telur að best sé að mæta starfsfólk á sanngjarnan hátt varðandi þennan lið.*

15. Önnur mál. Engin

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Anný Ingimarsdóttir  
**Sent:** sunnudagur, 13. október 2024 21:40  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps; Sylvía Karen Heimisdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Ásta Stefánsdóttir; Iða Marsibil Jónsdóttir  
**Subject:** Fundargerð Öldungaráðs uppsveita og flóa  
**Attachments:** Fundargerð Öldungaráðs Uppsveita og Flóa 09102024 .pdf

Sæl kæru sveitarstjórar hér kemur fundargerð frá Öldungaráði Uppsveita og Flóa. Ég vil sérstaklega benta ykkur á lið 2 í fundargerð þar sem ráðið vildi sérstaklega beina þessu til sveitarstjórnarmanna að mæta.

### Málþing um öldungaráð sveitarfélaganna 17. október nk.

LEB (Landssamband eldri borgara) og SÍS (Samband íslenskra sveitarfélaga) standa fyrir málþingi um starf öldungaráða sveitarfélaganna fimmtudaginn 17. október nk.

Málþingið verður haldið í húskynnum LEB að Stórhöfða 31. Sjá nánar dagskrá og skráningu á <https://www.leb.is/malthing-um-oldungarad-sveitarfelaganna-17-oktober-nk/>

*Lagt fram til kynningar; öldungaráð telur mikilvægt að sveitarstjórnarmenn á svæðinu mæti á þetta málþing og vill bóka eftirfarandi:*

*Öldungaráð Uppsveita og Flóa hvetur sveitarstjórnarmenn til að mæta á þetta málþing, málþingið verður streymit á Teams en mikilvægt er að skrá sig fyrirfram.*

### Með kveðju


Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi  
deildarstjóri velferðarþjónustu  
Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings  
Launrétt 6, Laugarási – 806 Selfoss  
Sími: 480-1180  
[anny@arnesthing.is](mailto:anny@arnesthing.is)  
[www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)



Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skyld að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. [47.gr.](#) laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

## Öldungaráð Uppsveita og Flóa



## 2. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin í Brautarholti 9. október 2024

### Mættir eru:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, Grímsnes-g Grafningshreppi, formaður  
Stefán Arngrímsson Hrunamannahreppi, varamaður  
Lilja Össurardóttir, Skeiða-og Gnúpverjahreppi  
Bergljót Þorsteinsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi  
Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi  
Elinborg Sigurðardóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð,  
Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási  
Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings, starfsmaður ráðsins

Stefanía Hákonardóttir, fulltrúi Bláskógabyggðar var með á Teams og Halla Kjartansdóttir, fulltrúi Flóahrepps og boðaði forföll.

Formaður, Sigríður Kolbrún Oddsdóttir setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. Tölulegar upplýsingar janúar til ágúst 2024

AI, starfsmaður ráðsins fór yfir tölulegar upplýsingar, í velferðarþjónusta Árnesþings veitir stuðningsþjónustu m.a í formi þrífa og innlits til aldraðra, aldraður er sa aðili sem hefur náð 67 ára aldri. Þörf fyrir þjónustuna er metin á faglegum grunni, flestar beiðnir um þjónustu koma frá sjúkrastofnunum eða heilsugæslu en einstaklingar og/eða aðstandendur sækja líka um. Mikil samvinna er á milli stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar, þessi samvinna hefur verið í mörg ár á milli velferðarþjónustu og heilsugæslunnar í Laugarási. Velferðarþjónustan er það lánsöm að vera í sama húsnæði og heilsugæslan með því verða boðleiðir betri og hægt er að skipuleggja þjónustuna betur þar sem boðleiðir eru stuttar.

Þann 31. ágúst sl. voru 83 heimili á svæðinu með þjónustu í formi þrífa og/eða innlits af þeim voru 77 heimi vegna einstaklinga 67 ára og eldri, skipting milli sveitarfélaga má sjá í töflu hér

| Stuðningsþjónusta: Þrif og innlit: | Fjöldi heimila-aldraðir | Fjöldi 67 + mars 2024 | Fjöldi íbúa október 2024 |
|------------------------------------|-------------------------|-----------------------|--------------------------|
| Hrunamannahreppur                  | 21                      | 109                   | 900                      |
| Grímsnes og Grafningshreppur       | 6                       | 103                   | 540                      |
| Skeiða og Gnúpverjahreppur         | 12                      | 106                   | 610                      |
| Bláskógabyggð                      | 28                      | 160                   | 1.360                    |
| Flóahreppur                        | 10                      | 93                    | 710                      |
| Samtals                            | 77                      | 571                   | 4.120                    |

## **1. Dagdvöl fyrir aldraða**

Samkvæmt upplýsingum sem AI, starfsmaður ráðsins hefur, er umsókn um dagdvöl í uppsveitum Árnessýslu ekki en komin inn til ráðuneytisins en er í fullri vinnslu. Öldungaráð vill bóka eftirfarandi:

*Öldungaráð Uppsveita og Flóa leggur mikla áherslu á við sveitarstjórnir á svæðinu að hraða þessari umsókn til ráðuneytisins svo hægt verði að byggja upp slíka þjónustu á svæðinu sem fyrst.*

## **2. Málþing um öldungaráð sveitarfélaganna 17. október nk.**

LEB (Landssamband eldri borgara) og SÍS (Samband íslenskra sveitarfélaga) standa fyrir málþingi um starf öldungaráða sveitarfélaganna fimmtudaginn 17. október nk. Málþingið verður haldið í húsakynnum LEB að Stórhöfða 31. Sjá nánar dagskrá og skráningu á <https://www.leb.is/malthing-um-oldungarad-sveitarfelaganna-17-oktober-nk/>

*Lagt fram til kynningar; öldungaráð telur mikilvægt að sveitarstjórnarmenn á svæðinu mæti á þetta málþing og vill bóka eftirfarandi:*

*Öldungaráð Uppsveita og Flóa hvetur sveitarstjórnarmenn til að mæta á þetta málþing, málþingið verður streymt á Teams en mikilvægt er að skrá sig fyrir fram.*

## **3. Gott að eldast - þróunarverkefnum um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu**

Í verkefnið Gott að eldast er gengið út frá því að tryggja eldra fólk i þjónustu við hæfi á réttu þjónustustigi og fjölga þeim sem taka virkan þátt í samfélagini. M.a. er þróunarverkefni um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu, 22 sveitarfélög og 6 heilbrigðisstofnanir taka þátt í þessu og er þetta hluti af aðgerðaráætlun verkefnisins Gott að eldast en með aðgerðaráætluninni taka stjórnvöld utan um þjónustu við eldra fólk með nýjum hætti. Markmið þróunarverkefnanna er að finna góðar lausnir á samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og fléttu vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögini.

Aðgerðaráætlunina má m.a. finna á eftirfarandi slóð <https://www.stjornarradid.is/verkefni/lif-og-heilsa/oldrunarmal/gott-ad-eldast/>

*Lagt fram til kynningar*

## **4. Fréttir úr sveitarfélögum**

ES frá félagi eldri borgara í Bláskógabyggð sagði frá Fjölmenningsháttíð sem haldin verður 3. nóvember í Aratungu í máli ES kemur fram að Félag eldri borgara í Biskupstungum muni allavega verða með kynning á starfi sínu. Á Fjölmenningsháttíðinni munu fulltrúar ólíkra þjóða kynna menningu síns lands og þeir sem eiga íslenskan bakgrunn kynnum menningu uppsveitanna og hvaða frístunda- og menningardagskrá er í boði. Fjölmenningsháttíðin er á vegum Heilsueflandi samfélags og byggðapróunarfulltrúa uppsveita. Þó nokkur umræða varð um þetta, ákveðið var að ef þessi háttíð er ætluð til kynningar fyrir allar uppsveitirnar þá mun öll eldri borgara félögin taka sig saman og geri kynningarefni á nokkrum tungumálum um sína starfsemi til að leggja fram á háttíðinni. ES mun kynna sér það og halda utan um málið.

## 5. Önnur mál

### a) Styrkir til einstaklinga og/eða félags eldri borgara á svæðinu.

Rætt um hvernig fyrirkomulag er á styrkjum til eldri borgara frá sveitarfélögunum. Í sumum sveitarfélögum er greidd ákveðin upphæð til félaga eldri borgara á svæðinu en í öðrum getur fólk sótt um lýðheilsu-og tómstundastyrki fyrir námskeiðum. ÁI starfsmanni ráðsins var falið að kalla eftir upplýsingum frá hverju sveitarfélagi hvernig fyrirkomulagið er.

### b. Næsti fundur, verður haldin miðvikudaginn 4. desember kl. 14:00 í Bergholti, Reykholti

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15:45

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Stefnán Arngrímsson

Lilja Össurardóttir

Stefanía Hákonardóttir

Ásta Oddleifsdóttir

Bergljót Þorsteinsdóttir

Guðrún Alfreðsdóttir

Elinborg Sigurðardóttir

Anný Ingimarsdóttir



## 8. fundur framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu, haldinn á Teams þriðjudaginn 8. október 2024 kl 14:00.

Mætt: Bragi Bjarnason formaður, Ásta Stefánsdóttir varaformaður, Pétur G. Markan ritari,  
Pétur Pétursson framkvæmdastjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem  
ritaði fundargerð.


### 1. Fjárhagsáætlun 2025.

Pétur kynnti drög að fjárhagsáætlun AÁ fyrir árið 2025. Umræður. Fjárhagsáætlunin  
samþykkt af framkvæmdaráði og vísað til samþykis Héraðsnefndar.

Fundi slitið kl. 14:16


# Undirritunarsíða

Bragi Bjarnason




Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 09.10.2024  
Tími: 10:32:58  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 6b7e5482-  
8341-44b2-b8ff-  
a56ef43267a4

Ásta Stefánsdóttir




Undirritað af:  
Ásta Stefánsdóttir  
2510703189  
Dags: 12.10.2024  
Tími: 10:30:12  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 6b7e5482-  
8341-44b2-b8ff-  
a56ef43267a4

Pétur Georg Markan




Undirritað af:  
Pétur Georg Markan  
1602815459  
Dags: 09.10.2024  
Tími: 10:35:17  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 6b7e5482-  
8341-44b2-b8ff-  
a56ef43267a4

Pétur Pétursson




Undirritað af:  
Pétur Pétursson  
2108735979  
Dags: 08.10.2024  
Tími: 14:22:05  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 6b7e5482-  
8341-44b2-b8ff-  
a56ef43267a4

Lárus Kristinn Guðmundsson



Undirritað af:  
Lárus Kristinn  
Guðmundsson  
0803843199  
Dags: 08.10.2024  
Tími: 14:22:47  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 6b7e5482-  
8341-44b2-b8ff-  
a56ef43267a4

Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:  
Unna Björg Ögmundsdóttir  
0310795359  
Dags: 08.10.2024  
Tími: 14:26:01  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 6b7e5482-  
8341-44b2-b8ff-  
a56ef43267a4



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 328

**Staður:** Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 16. október kl. 16:30.

Mætt voru í fjarfundarbúnaði Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn í fjarfundarbúnaði starfsmaður SASS, Bjarni Guðmundsson.

### 1. Fjárhagsáætlun SOS fyrir 2025

Farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá.  
Stjórn samþykkir tillögurnar og vísar til aðalfundar.

Farið yfir stöðu á vinnu við minnisblað lögfræðings um framtíðarmöguleika varðandi sölu Kirkjuferjuhjáleigu.

### 2. Undirbúningur dagskrár aðalfundar SOS

Aðalfundur verður haldinn 1. nóvember nk. í tengslum við ráðstefnu SASS í Hveragerði. Formaður fór yfir efni aðalfundar og drög að dagskrá og hún samþykkt.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fyrirhugað er að næsti fundur stjórnar verði haldinn miðvikudaginn 30. október kl. 20:00.

Fundi slitið klukkan 17:05.

**Stjórn byggðasamlags UTU - 114. fundur  
haldinn á Laugarvatni, miðvikudaginn 23. október 2024  
og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

**1. Afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna vegna minnisblaðs frá Hrunamannahreppi**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna á dagskrárið nr. 1 úr 113. fundargerð stjórnar UTU sem haldinn var 28. ágúst sl.

**2. Samstarfs- og þjónustusamningur, Héraðsskjalasafn Árnesinga**

Lögð fram drög að endurnýjuðum samstarfs- og þjónustusamning við Héraðsskjalasafn Árnesinga um skönnun og frágang mála. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði 2,6 milljónir á ári, 2024 – 2027.

*Stjórn samþykkir fyrilliggjandi drög að samstarfs- og þjónustusamningi og felur skrifstofustjóra að undirrita hann fyrir hönd UTU en samningurinn er í samræmi við fjárhagsáætlun UTU.*

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Húsaleigusamningur**

Lögð fram drög að húsaleigusamning vegna útleigu á skrifstofuaðstöðu í opnu rými skrifstofuhúsnæðis UTU að Hverabraut 6. Húsaleigusamningurinn gerir ráð fyrir að UTU sé leigusali að skrifstofuaðstöðu með nauðsynlegum rafmagns-, síma- og tölvutengingum ásamt aðgengi að kaffistofu, fundarherbergi og sameiginlegu rými. Húsgögn fylgja ekki með fyrir skrifstofuaðstöðuna.

*Stjórn samþykkir fyrilliggjandi drög og felur skrifstofustjóra að undirrita húsaleigusamninginn fyrir hönd UTU þegar skrifstofuaðstaða er leigð út.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### 4. Samkomulag vegna móttöku á seyru

Lögð fram drög að samkomulagi vegna móttöku á seyru.

*Stjórn gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi drög og felur skrifstofustjóra að undirrita þau fyrir hönd UTU við þau sveitarfélög sem óskað hafa eftir því að gera samning.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### 5. Störf óháð staðsetningu, húsnæði

Lagður fram tölvupóstur frá byggðarþróunarfulltrúa Uppsveita þar sem Byggðastofnun óskar eftir því að tekin sé saman listi yfir húsnæði þar sem möguleiki er að bjóða upp á vinnuaðstöðu fyrir störf óháð staðsetningu en Innviðaráðuneytið hefur ákveðið að veita styrki til að fjlóga óstaðbundnum störfum.

*Stjórn tekur vel í erindið og samþykkir að skrifstofuhúsnæði UTU verði á lista þar sem möguleiki er að bjóða upp á vinnuaðstöðu fyrir stofnanir.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### 6. Seyrustaðir, endurnýjun á móttökubúnaði

Endurnýja þarf búnað vegna móttöku á seyru á Seyrustöðum, þar sem m.a. kalkarinn sem fyrir er kominn á talsvert viðhald, jafnframt er lagt til að bætt verði við móttökubúnaði með það að markmiði að móttakan verði ekki eins háð mönnun þegar bílar eru að skila af sér seyru. Heildar kostnaður vegna mögulegra kaupa er áætlaður um 22.500.000 kr. með vsk.

*Stjórn felur skrifstofustjóra að vinna málið áfram, samhlíða gerð fjárhagsáætlunar.*  
*Samþykkt samhljóða.*

#### 7. Tækifæri til sjóðasóknar, Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

#### 8. Önnur mál

Verið er að vinna að því að girðing sem er á Biskupstungnafrétt austan við Haukadalsheiði verði mögulegt dreifingarsvæði fyrir UTU.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði 4. nóv. nk. þar sem farið verður yfir fjárhagsáætlun.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45**

---

Helgi Kjartansson

---

Walter Fannar Kristjánsson

---

Björn Kristinn Pálmarsson

---

Jón Bjarnason

---


Haraldur Þór Jónsson

---

Ísleifur Jónasson


# Undirritunarsíða

Formaður  
Haraldur Þór Jónsson




Undirritað af:  
Haraldur Þór Jónsson  
2705765089  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 15:32:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e477c516-  
035e-49cb-8897-  
12440a5ac323

Aðalmaður  
Helgi Kjartansson




Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 14:27:24  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e477c516-  
035e-49cb-8897-  
12440a5ac323

Aðalmaður  
Íslеifur Jónasson




Undirritað af:  
Íslеifur Jónasson  
1205754309  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 09:17:35  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e477c516-  
035e-49cb-8897-  
12440a5ac323

Aðalmaður  
Jón Bjarnason




Undirritað af:  
Jón Bjarnason  
2501932629  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 09:14:36  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e477c516-  
035e-49cb-8897-  
12440a5ac323

Aðalmaður  
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:  
Walter Fannar  
Kristjánsson  
0609892229  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 09:16:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e477c516-  
035e-49cb-8897-  
12440a5ac323

Varaformaður  
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:  
Björn Kristinn Pálmarsson  
0112824239  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 10:54:14  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e477c516-  
035e-49cb-8897-  
12440a5ac323

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams 22. október 2024, kl. 16:00

---

### Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps,

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti i Skeiða og Gnúpverjahreppi

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð í forföllum Helga Kjartanssonar.

Einnig sátu Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjórar fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

---

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Drög að fjárhagsáætlun 2025.

Deildarstjórar SVÁ kynntu drög að fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna hvorrar deildar fyrir sig, velferðarþjónstu og skólaþjónustu. Deildarstjórar hafa við gerð fjárhagsáætlunar yfirfarið rauntölur rekstrar yfirstandandi árs og metið forsendur rekstrar árið 2025. Gert er ráð fyrir 12 starfsmönnum í 11,3 stöðugildum í heild á árinu 2025. Samkvæmt stofnsamningi var ætlunin að meta kostnað við málefni fatlaðs fólks á árinu 2024 og meta hvort að taka þurfi betur tilliti til þess kostnaðar við skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga.

*Stjórn samþykkir að leggja til við aðalfund að mati á kostnaði við málefni fatlaðs fólks verði frestað og verði kostnaður metinn á árinu 2025.*

*Deildarstjórar munu vinna áfram að þeim drögum að fjárhagsáætlun sem hér hafa verið lögð fyrir á grundvelli þeirra athugasemda sem stjórnarmenn settu fram.*

*Fjárhagsáætlun verði lögð fyrir fund stjórnar næstkomandi mánudag og svo í beinu framhaldin fyrir aðalfund til staðfestingar en aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 29. október.*

### 2. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að stjórnarmenn myndu kanna í sínum sveitarfélögum varðandi það hvort að sveitarfélögin geti boðið húsnæði fyrir þjónstuna. Málið rætt og svo virðist vera sem mögulegt sé að bjóða húsnæði á nokkrum stöðum.

*Stjórn samþykkir að fela formanni að ræða við eigendur níverandi húsnæðis um áframhaldandi leigu enda engin umræða verið tekin um nauðsyn þess að flytja starfsemina.*

### 3. Önnur mál

- Deildarstjóri velferðarþjónustu gerði grein fyrir því að nýr félagsráðgjafi taki til starfa þann 1. nóvember n.k.
- Lagt fram til kynningar bréf frá yfirlækni og hjúkrunarstjóra Heilsugæslu Hsu í Laugarási. Í bréfinu er óskað eindregið eftir því að starfsstöð Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings flytjist á Flúðir um leið og heilsugæslan flyst þangað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Aldís Hafstelnsdóttir  
Kt. 2112645009  
Dags. 29.10.2024 13:33:27  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Hulda Kristsjánsdóttir  
Kt. 3001843249  
Dags. 28.10.2024 11:06:44  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Ásta Stefánsdóttir  
Kt. 2510703189  
Dags. 28.10.2024 11:12:17  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Haraldur Þór Jónsson  
Kt. 2705765089  
Dags. 28.10.2024 11:15:54  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Ása Valdís Árnadóttir  
Kt. 3004825119  
Dags. 28.10.2024 11:45:34  
Ástæða: Undirritun

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams 28. október 2024, kl. 8:30

---

### Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps  
Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða og Gnúpverjahreppi  
Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð  
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggð  
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps  
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps  
Sylvia Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Einnig sátu Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjórar fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.  
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

---

Hér var gengið til dagskrár:

**1. Drög að fjárhagsáætlun 2025.**

Deildarstjórar SVÁ kynntu endanleg drög að fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna hvorrar deildar fyrir sig, velferðarþjónstu og skólaþjónustu.  
*Sjórni samþykkir að fjárhagsáætlun verði lögð fyrir aðalfund i þeirri mynd sem hún hér er kynnt.*

Hér yfirláguðu deildarstjórar fundinn.

**2. Tillaga um samræmingu símakostnaðar og yfirvinnu.**

Rætt um tillögu sem fram hefur komið frá starfsmönnum varðandi samræmingu fastra yfirvinnustunda og símagreiðslna til starfsmanna. Fyrir fundinum lá úttekt á launaröðun starfsmanna þar sem fram koma yfirvinnutímar og heildargreiðslur launa.

*Sjórni samþykkir að verða ekki við beiðninni varðandi yfirvinnu en samþykkir að verða við ósk sem fram hefur komið um greiðslu símakostnaðar. Formanni falið að kynna þessa niðurstöðu stjórnar fyrir deildarstjórum.*

**3. Undirbúningur aðalfundar.**

Rætt um dagskrá og fyrirkomulag aðalfundar sem haldinn verður á morgun, þriðjudaginn 29. október kl. 15:00 í Árnesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Aldís Hafsteinsdóttir  
Kt. 2112645009  
Dags. 28.10.2024 14:48:57

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Árni Eirksson  
Kt. 0809664589  
Dags. 28.10.2024 11:24:53

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hulda Kristjánsdóttir  
Kt. 3001843249  
Dags. 28.10.2024 11:07:12

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Sylvia Karen W. Helmsdóttir  
Kt. 2908825679  
Dags. 28.10.2024 11:33:42

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Asta Stefánsdóttir  
Kt. 2510703189  
Dags. 28.10.2024 11:11:50

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Ása Valdís Árnadóttir  
Kt. 3004825119  
Dags. 28.10.2024 11:46:10

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Haraldur Þór Jónsson  
Kt. 2705765089  
Dags. 28.10.2024 11:16:46

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Helgi Kjartansson  
Kt. 0211715499  
Dags. 28.10.2024 13:21:03

Ástæða: Undirritun

 RAFRÆNT UNDIRRITAD

Iða Marsibill Jónsdóttir  
Kt. 1510774559  
Dags. 28.10.2024 11:20:04

Ástæða: Undirritun

# Ársfundur SSKS 2024

Haldinn á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 9. október kl. 08:30

## Fundargerð

Íris Róbertsdóttir, formaður SSKS, setti fundinn og lagði til að hún myndi stýra fundi og að Gréta Mar Jósepsdóttir, starfsmaður Sambandsins, myndi rita fundargerð. Var það samþykkt.

### a) Skýrsla stjórnar.

Íris Róbertsdóttir flutti skýrslu stjórnar. Meðal þess sem fram kom í skýrslu stjórnar er:

- Á starfsárinu voru haldnir 12 stjórnarfundir og aukin samskipti við Landsvirkjun og Landsnet. Málþing var haldið með helstu hagaðilum til að auka sýnileika SSKS sem samtök.
- Samskipti við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafa aukist verulega.
- Haldinn var opinn upplýsingafundur með fulltrúum allra sveitarfélaga.
- SSKS hefur nú komið sér á kortið innan orkugeirans og hjá stjórnvöldum.
- Orkuverð á köldum svæðum hefur hækkað um 80%, sem er langt umfram eðlileg mörk. Nauðsynlegt er að koma á sérstakri verðskrá fyrir kyndingu til húshitunar, þar sem hún krefst annarrar nálgunar.
- Keyp特 var skýrsla frá Eflu um stöðu raforku
- Unnið verður að því að nýta vefsíðu samtakanna betur, meðal annars með því að birta fundargerðir.

Fram undan er spennandi starfsár þar sem áhersla verður lögð á samvinnu og samtal m.a. er verið að skoða að sérsníða orkulausnir fyrir hvert samfélag, bæði til að spara orku og lækka kostnað. Kostnaður við dreifingu er sameiginlegt hagsmunamál SSKS og Samtaka orkusveitarfélaga, sem styrkir markmið samtakanna enn frekar. Verkefni næstu stjórnar er að halda áfram að fylgja eftir þeim aðkallandi verkefnum sem liggja fyrir varðandi orkukostnað sveitarfélaga á köldum svæðum orkuöryggi fyrir íbúa og lítil fyrirtæki. Opinn fundur verður með Sigurði Inga Friðleifssyni og verður haldinn 23. október nk.

### b) Ársreikningar og fjárhagsáætlun.

Íris Róbertsdóttir formaður fór yfir ársreikninga fyrir árin og 2023 og fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árin 2025.

Ársreikningarnir var staðfestur á fundinum.

Fjárhagsáætlun var lögð fram til kynningar.

c) Ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar.

#### Árgjald

Stjórnin lagði til að árgjöld yrðu tekin upp á nýjan leik í fjórum þrepum, í takt við það sem tíðkast hjá öðrum aðildarsamböndum innan Sambandsins (sjá þrepin hér fyrir neðan). Kristinn Jónasson flutti stutta tölu um mikilvægi starfsemi SSKS, þar sem hann benti á að margt hafi áunnist á síðasta starfsári. Meðal annars var haldinn starfsfundur þar sem allir hagaðilar komu saman, og það hefur verið ánægjulegt að taka þátt í starfinu frá því á síðasta ári.

Stjórnin lagði til að árgjöld fyrir starfsárið 2025 verði með eftirfarandi hætti:

|                 |             |
|-----------------|-------------|
| 1-1000 íbúar    | 50.000 kr.  |
| 1001-3000 íbúar | 100.000 kr. |
| 3001-5000 íbúar | 150.000 kr. |
| 5001- íbúar     | 200.000 kr. |

Var tillagan samþykkt samhljóða.

Lagt var til að þóknun stjórnar breytist úr því að vera krónutala í að vera tengd þingfarakaupi líkt og gert er t.d. hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Tillaga er um að þóknunin verði: 2% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir almennan stjórnarmann (aðal- og varamann) – 30.516.- kr. 3,5% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir formann – 53.404.- kr.

Var tillagan samþykkt samhljóða.

#### (d) Umræður og ályktanir um orkumál

Kristinn Jónasson hrósaði formanninum fyrir vel unnið starf á liðnu starfsári. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að innleiða nýjan raforkutaxta, sérstaklega fyrir húshitun, og að sveitarfélög fái sérstakan taxta. Einnig benti hann á að flutningskostnaður raforku, sem er sérliður, verði að vera lægri.

„Það þarf að búa til orkutaxta sem er ásættanlegur fyrir köldu sveitarfélögin en í staðin er verið að hækka orkutaxtann vegna stærri fyritækja sem eru tilbúin að greiða háan taxta. Það þarf að taka sveitarfélögin út fyrir sviga og Alþingi þarf að taka út almenna niðurgreiðslu.“

#### (e) Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja manna til vara.

Tillaga kom um að í aðalstjórn og varastjórn væru:

Aðalstjórn:

- Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabær,
- Kristinn Jónasson, Snæfellsbær
- Björn Ingimarsson, Múlaþing

---

## Varastjórn

- Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbær
- Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbýggð
- Katrín Sigurjónsdóttir, Norðurþing

Ný stjórn kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

Íris Róbertsdóttir þakka traustið fyrir hönd stjórnarinnar og þakkaði Jóni Páli Hreinsyni fyrir stjónar setuna.

Fundi slitið kl. 09:24.

Aðalfundur  
SSKS 2024

## Skýrsla stjórnar

- Mikill kraftur í stjórninni
- 12 stjórfundir á tímabilinu
- Fjöldi heimsókna til hagaðila innan orkugeirans

Mikil samskipti við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

## Skýrsla stjórnar

- SSKS er komið á kortið, erum orðin gildandi innan orkugeirans og hjá stjórnvöldum

## Skýrsla stjórnar

- Nýta vefinn okkar betur, t.d. með bírtingu fundargerða

## Ársreikningur 2023

|                           | 2023        | 2022        |
|---------------------------|-------------|-------------|
| <b>Rekstrarreikningur</b> |             |             |
| <b>Rekstrartekjur:</b>    |             |             |
| Árgjöld .....             | 0           | 0           |
| <b>Rekstrargjöld:</b>     |             |             |
| Árfundur .....            | 212.650     | 149.400     |
| Vefur samtakanna .....    | 6.789       | 6.293       |
| Fjármagnsliðir.....       | 219.439     | 155.693     |
| Afkoma ársins .....       | 98.103      | -           |
|                           | ( 121.336 ) | ( 155.693 ) |

## Efnahagsreikningur 2023

|                                  | 2023             | 2022             |
|----------------------------------|------------------|------------------|
| <b>Eignir</b>                    |                  |                  |
| Veltufjármunir:                  |                  |                  |
| Bankareikningur .....            | 5.746.701        | 5.868.037        |
| <b>Eignir samtals</b>            | <b>5.746.701</b> | <b>5.868.037</b> |
| <b>Eiglóf óg skuldir</b>         |                  |                  |
| Eiglóf:                          |                  |                  |
| Eiginfjárréikningur .....        | 5.746.701        | 5.868.037        |
| Skuldir:                         |                  |                  |
| Aðrar skuldir .....              | 0                | 0                |
| <b>Eiglóf óg skuldir samtals</b> | <b>5.746.701</b> | <b>5.868.037</b> |

## Tillaga að árgjöldum 2025


\* Stjórnin leggur til að árgjöld verði tekin upp að nýju þannig að þau verði í fjórum hreppum, er þau í samræni við það sem gerist hjá öðrum aðildarsamböndum innan Sambandsins. Verður eftirfarandi tillaga að árgjöldum lögð fyrir ársfund SSKS 9. október næstkomandi:

|                 |             |
|-----------------|-------------|
| 1-1000 Ibúar    | 50.000 kr.  |
| 1001-3000 Ibúar | 100.000 kr. |
| 3001-5000 Ibúar | 150.000 kr. |
| 5001- Ibúar     | 200.000 kr. |

Samþykkt stjórnar á fundi sem haldinn var 25. september

## Fjárhagsáætlun 2025

|                                 | 2025             |
|---------------------------------|------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>           |                  |
| Árgjöld                         | 2.200.000        |
| <b>Rekstrargjöld</b>            |                  |
| Stjórnarlun                     | 1.400.000        |
| Ársfundur                       | 250.000          |
| Málþing                         | 800.000          |
| Vinnufundur / Staðfundur        | 500.000          |
|                                 | 2.950.000        |
| <b>Rekstrarmiðurstaða</b>       | (750.000)        |
| <b>Bankainnistæða 1.10.2024</b> | <b>3.925.986</b> |



## Tillaga að stjórn 2024-2025

### Aðalstjórn

- Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabær
- Kristinn Jónasson, Snæfellsbær
- Björn Ingimarsson, Múlaþingi

### Varastjórn

- Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbær
- Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbýggð
- Katrín Sigurjónsdóttir, Norðurþingi

# Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Einar Óskarsson - VG <einar.oskarsson@vegagerdin.is>  
**Sent:** föstudagur, 25. október 2024 09:38  
**Subject:** Hringvegur um Ölfusá - fundargerð o.fl.  
**Attachments:** 106365-FUN-009-V02-Fundur með veitufyrirtækjum 18-10-2024.pdf

Sæl verið þið

Dreifing fundargerðar frá síðasta fundi dróst aðeins en er hér í viðhengi.

Um miðja viku var undirritaður samningur við ÞG Verk um áframhaldandi hönnun. Gildir sá samningur til 1. febrúar 2025. Eins og fram kom á fundinum þá viljum halda áfram hönnun og fá nýtanleg gögn til framkvæmda, þótt að verksamningurinn komist mögulega ekki á dagskrá strax.

Það er því mikilvægt að allir séu nú tilbúnir að taka þátt í hönnunarferlinu. Ég mun biðja Eggert, sem fer með samræmingarhlutverk verkþega, um að hafa samband við ykkur með þá punkta sem mögulega standa út af í breytingum/uppfærslu á gögnum. Það er mikilvægt að við komum öllu til skila til ÞG Verks sem allra fyrst.

Ég á von á því að ÞG Verk boði okkur til hönnunarfundar innan tíðar og við munum þá fá uppfærða hönnunaráætlun í hendurnar. Þá skýrast hvenær við megum eiga von á því að fá gögn til rýni og samþykktar.

Sem fyrr, þá megið þið alltaf hafa samband við okkur hjá Vegagerðinni ef eitthvað er óljóst eða þið viljið ræða eitthvað sérstaklega.

Bestu kveðjur

Einar



**Einar Óskarsson**

Byggingarverkfræðingur  
Hönnunardeild

[einar.oskarsson@vegagerdin.is](mailto:einar.oskarsson@vegagerdin.is)

Civil Engineer M.Sc.

[+354 522 1083](tel:+3545221083)  
[+354 616 6213](tel:+3546166213)

Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

## Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

## English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have



## FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL  
106365-FUN-009-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR  
18.10.2024 / 13:00

NR. FUNDAR  
09

FUNDARGERÐ  
Eggert Sveinsson / 18.10.2024

FUNDARMENN  
Atli Marel  
Börkur R. Brynjarsson  
Eggert Sveinsson  
Einar Óskarsson  
Friðrika Marteinsdóttir  
Gunnar Magnús Jónsson  
Hulda Kristjánsdóttir  
Kristinn Fannar Sveinsson  
Margrét Ósk Aronsdóttir  
Ómar Þór Baldursson  
Sigurður Þór Haraldsson  
Valtýr Þórisson  
Víglundur Guðmundsson  
Örvar Steingrímsson

FJARVERANDI

DREIFING  
Veitufyrirtæki, Vegagerðin

FUNDARSKJÖL

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

## VERKHEITI

Hringvegur (1) um Ölfusá – samræming veitufyrirtækja

## VERKKAUPI

Vegagerðin

## FUNDAREFNI

- Staða verkefnisins í dag
- Næstu skref

## FUNDARBODARI

Einar Óskarsson

## FUNDARSTAÐUR

Texti

## FYRIRTÆKI

Árborg  
Efla  
Efla  
Vegagerðin  
Landsnet  
Míla  
Flóahreppur  
HS Veitur  
Vegagerðin  
HS Veitur  
Selfossveitur  
Vegagerðin  
Rarik  
Efla

## FYRIRTÆKI

## FYRIRTÆKI

## NÆSTI FUNDUR

## ÁBYRGÐ / ÁKVÖRDUN

## **1. Staðan verkefnisins í dag**

Tímabundinn hönnunarsamningur við þG verk rann út þann 15. október.

Sl. föstudag var sameiginlegur fundur í fjárlaga- og samgöngunefnd. Næsta skref var að fara í framhaldinu með málið fyrir Alþingi. Á sunnudegi kom í ljós að ríkisstjórnin væri sprungin og í framhaldinu var boðað til kosninga.

Tvær sviðsmyndir eru mögulegar núna:

- Málið heldur áfram í afgreiðslu á Alþingi fyrir kosningar, og verksamningur yrði í framhaldinu kláraður.
- Málið kemst ekki á dagskrá hjá Alþingi fyrir kosningar. Ný ríkisstjórn og ráðherra þurfa í framhaldinu að finna verkefninu nýjan farveg.

Vegagerðin vill gera nýjan bráðabirgðasamning við þG Verk um áframhaldandi hönnun, en stefnt er á að skrifa undir þennan samning eftir helgi. Nýr samningur myndi gilda fram að mánaðarmótum janúar/febrúar. Forsenda samnings er að það komi niðurstaða fyrir næstu áramót um hvort framkvæmdin fari af stað eða ekki.

Ef framkvæmdin fær ekki afgreiðslu hjá Alþingi, telur Vegagerðin að til sé fjármagn til að klára verkhönnun. Markmiðið er að hönnun hjá Verkís og Ramboll skili nýtanlegum afurðum, hver sem niðurstaða Alþingis verður.

## **2. Næstu skref**

Vegagerðin vill að hönnun fari af stað á næstunni s.s. vegir, brýr, lagnir, undirgöng o.s.frv.

Efla er með lista yfir breytingar á hönnun veitulagna, sem er eftir að klára.

Mikilvægt er að taka saman allar breytingar sem fyrst, og skila til þG verk í framhaldinu.

Landsnet stefnir á að setja Selfosslínu 1 í jörð sem fyrst, þó að ekki sé kominn verksamningur.

Vegagerðin stefnir á að taka samtal við Rarik í framhaldinu varðandi þeirra loftlínu austan við Ölfusá.

Ekki er komin dagsetning á hvenær loftlínur þyrftu að vera komnar í jörðu, m.v. að ef Alþingi myndi afgreiða málið fyrir kosningar.

# Aðalfundur Bergrisans bs. 2024

haldinn í fjarfundabúnaðinum Teams  
þann 14. október 2024 klukkan 13:00

**Mætt:** Helga Björg Helgadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Petrína Freyja Sigurðardóttir, Sylvía Karen Heimisdóttir, Helgi Kjartansson, Anna Gréta Ólafsdóttir, Ástrós Rut Sigurðardóttir, Ásta Stefánsdóttir, Árný Hrund Svavarssdóttir, Guri Hilstad, Bragi Bjarnason, Axel Sigurðsson, Elliði Vignisson, Hulda Kristjánsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Ellý Tómasdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Eggert Valur Guðmundsson, Sigurjón Vidalín Guðmundsson, Sandra Sigurðardóttir, Vigdís Lea Kjartansdóttir, Harpa Magnúsdóttir, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Alda Pálsdóttir, Jón Valgeirsson, Stefanía Hákonardóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Elías Bergmann Jóhannsson, Halldór Benjamín Hreinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Pétur Georg Markan, Arna Ír Gunnarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Einar Freyr Elínarson, Kristín Hreinsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Dagný Davíðsdóttir, Bjarki Oddson, Sveinn Ægir Birgisson, Helga Lind Pálsdóttir, Tómas Birgir Magnússon og Arnar Freyr Ólafsson.

**Aðrir gestir:** Íris Ellertsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Bjarki R. Kristjánsson, Sigþrúður Birta Jónsdóttir, Jóhanna Margrét Einarsdóttir, Halla Steinunn Hinrikisdóttir og Eyrún Hafþórsdóttir.

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aðalfund Bergrisans bs. árið 2024.

Íris Ellertsdóttir lagði til að Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar verði fundarstjóri og ritari Bergrisans bs. Ása Valdís Árnadóttir riti fundargerð.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 2. Skipun þriggja aðila í kjörbréfanefnd og mat á lögmæti fundarins

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og lagði fundarstjóri til að í kjörbréfanefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir Árborg sem formaður, Guri Hilstad Rangárþing Eystra og Hulda Kristjánsdóttir Flóahreppi.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til kosninga.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

## 3. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2023

Bragi Bjarnason fór yfir starfsemi stjórnar Bergrisans vegna ársins 2023. Starfsemi stjórnar Bergrisans hefur á árunum 2023-2024 einkennst af endurskipulagningu með það að markmiði að tryggja kjarnastarfsemi byggðasamlagsins og undirbúa grundvöll til frekari uppbyggingar þjónustu við fatlað fólk.

Skýrsla stjórnar verður send út með aðalfundargerðinni.

#### **4. Kynning á ársreikningi 2023**

Bjarki R. Kristjánsson, skrifstofustjóri, kynnti ársreikning 2023.

Rekstrartekjur ársins 2023 voru 3.069.726.677.- kr. sem skiptust annars vegar í 2.712.222.677.- kr. framlag frá Jöfnunarsjóði og 357.504.000.- kr. framlög frá sveitarfélögunum. Rekstrargjöld voru 2.795.398.111.- kr. og var afkoma ársins því jákvæð um 282.026.238.- kr.

Eignir námu samtals 974.864.288.- kr. og skuldir voru 690.949.378.- kr.

Ársreikningur er lagður fram til kynningar.

#### **5. Kynning á útkomuspá og fjárhagsáætlun 2025**

Bjarki R. Kristjánsson kynnti útkomuspá fyrir árið 2024. Áætlað er að tekjur aukist töluvert frá áætlun eða samtals um 910,1 m.kr. Munar þar mestu um innspýtingu í málaflokkinn sem var samþykkt eftir að fjárhagsáætlun Bergrisans fyrir árið 2024 var lögð fram, eða 737,4 m.kr. Til viðbótar er áætlað að hlutur Bergrisans í útsvari sveitarfélaga verði um 65,7 m.kr. umfram áætlun. Að lokum eru áætlaðar 107,1 m.kr. tekjur vegna NPA samninga en þetta er ekki viðbót heldur var þessi upphæð dregin frá útgjöldum vegna NPA í fjárhagsáætlun ársins 2024. Er því aðeins um breytta framsetningu að ræða á NPA samningum.

Ljóst er að gjöld eru að fara töluvert umfram fjárhagsáætlun og munar þar mestu um sértauka þjónustu við börn sem var ekki inni í áætlun, framlengingu samninga um sértaek úrræði þar sem áætlun hafði bara gert ráð fyrir þjónustu hluta ársins og NPA samninga. Þessum auknu útgjöldum er hins vegar mætt með innspýtingu í málaflokkinn og gott betur og stefnir því í að afkoma ársins verði jákvæð um rúmlega 600 m.kr.. Þess ber að geta að innspýtingin er bara nýtilkomin og því hefur ekki gefist ráðrúm til að nýta allt fjármagnið en ljóst er að þörfin er vissulega til staðar. Verður það því áskorun næstu missera að efla þjónustu á starfssvæði Bergrisans og draga úr biðlistum með hliðsjón af auknu framlagi.

Bjarki R. Kristjánsson kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Áætlaður rekstrarkostnaður er 3.677.951.690.- kr. Áætlaðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði 3.347.351.000.- kr. Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna til Bergrisans v/útsvars 443.370.510.- kr. Niðurstaða ársins stefnir í 256,4 m.kr. hagnað sem er aðeins um 6,5% afgangur af áætluðum tekjum sem rétt dugar fyrir rekstri á nýjum búsetukjarna sem áætlað er að opni á árinu 2026. Ljóst er að lítið má út af bregða í rekstri ársins eigi áform um áframhaldandi uppbryggingu að standast. Að því sögðu er vinna hafin við að hámarka nýtingu og skilvirkni úrræða með það að markmiði að fatlað fólk fái þjónustu sem stuðlar að markmiðum um að geta lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum.

Umræðum vísað til liðar númer 7.

#### **6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar**

Arna Ír Gunnarsdóttir kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 41 aðalmenn og 4 varamenn. Í heild sinni eru því mættir 45 fulltrúar af 58 og telst því fundurinn lögmætur.

#### **7. Umræður um skýrslu stjórnar, útkomuspá og fjárhagsáætlun.**

Umræður um skýrslu stjórnar, útkomuspá og fjárhagsáætlun. M.a. rætt um fjármögnun nýs búsetukjarna og vontun á plássum á skammtímadvöl á svæðinu. Fundarstjóri tekur til máls og ber skýrslu stjórnar upp til kosninga.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

Fundarstjóri tekur til máls og ber útkomuspá og fjárhagsáætlun upp til kosninga. Útkomuspá 2024 og fjárhagsáætlun 2025 samþykkt.

## 8. Skýrsla þjónusturáðs Bergrisans fyrir starfsárið 2023.

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs kynnti starfsemi þjónusturáðs starfsárið 2023. Þjónusturáð sinnir stefnumótandi verkefnum, þ.e. það gerir tillögur um verkefni sem teljast stefnumótandi í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans. Ráðið er í virku samráði við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu. Bergrisinn er byggður upp með þeim hætti að fagfólk frá hverju þjónustusvæði skipa fagteymi þar sem fjallað er um mál á einstaklingsgrunni, lagðar fram umsóknir um þjónustu og gætt að samræmingu á milli þjónustusvæða í veitingu þjónustunnar. Fagteymið kemur einnig að því að vinna reglur og endurskoða þær í samráði við þjónusturáð og verkefnastjóra Bergrisans. Þjónusturáð fjallar um stærri mál og stefnumótandi ákvarðanir í málaflokknum og leggur svo fundargerðir sínar fyrir stjórn og tekur þátt í með málefnalegri umræðu. Verkefnastjóri Bergrisans er starfsmaður stjórnar og vinnur í nánu samstarfi við bæði fagteymi og þjónusturáð. Samhliða íbúafjölgun á svæði Bergrisans hefur verið vaxandi aðsókn í þjónustu við fatlað fólk. Búast má við áframhaldandi íbúafjölgun á komandi árum. Brýnt er að halda áfram uppbyggingu búsetuúrræða á svæðinu með núverandi biðlista í huga sem og framtíðarspá um þjónustubörf á svæðinu. Einnig er áríðandi að bregðast við mikilli aðsókn í skammtímadvöl en bið eftir þjónustu er löng og mörg börn sem bíða þjónustu.

## 9. Tillaga um þóknun stjórnar

Anton Kári Halldórsson fór yfir tillögu um þóknun til stjórnar Bergrisans bs. Lagt er til að þóknun til stjórnar (allra nema formanns) skuli nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

Mjög góðar umræður urðu um tillöguna.

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillöguna upp til kosninga. Tillagan er samþykkt með 32 atkvæðum, 11 voru á móti.

## 10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Bjarki R. Kristjánsson fer yfir tillögur að breytingum á samþykktum Bergrisans bs. nr. 560/2023. Helstu breytingarnar snúa að því að aðlaga samþykktirnar að nýju umhverfi Bergrisans. Meðal breytinga er því að taka út starfsheiti og tala með almennari hætti um starfsfólk Bergrisans sem og taka út tilvísun í þjónustusamning við Árborg sem á ekki lengur við. Þá er lagt til að aðalfundur geti samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun. Einnig er bætt við tveimur lagatilvísunum eftir ábendingar frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Að lokum voru gerðar smávægilegar lagfæringer, s.s. með sameiningu málsgreina, samræma dagsetningar, lagfæra tilvísanir í greinar o.fl.

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillögur að samþykktum upp til kosninga. Tillögur að breytingum á samþykktum samþykktar. Samþykktir Bergrisans bs verða sendar öllum aðildarsveitarfélögum til samþykktar í sveitarstjórn og tveggja umræðna.

## 11. Kosningar í stjórn Bergrisans

Kosið er í stjórn til tveggja ára í senn og er stjórn byggðasamlagsins skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Bæjarstjóri Árborgar er sjálfkjörinn í stjórn en aðrir stjórnarmenn skulu koma frá hinum félagsþjónustusvæðunum, einn frá hverju svæði. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaganna.

Aðalmenn:

Bragi Bjarnason, Árborg, formaður

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði

Ása Valdís Árnadóttir, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Elliði Vignisson, Ölfus

Eggert Valur Guðmundsson, Félags- og skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillögur að aðalmönnum í stjórn upp til kosninga.

Tillögur samþykktar.

Varamenn

Sveinn Ægir Birgisson, Árborg

Halldór B. Hreinsson, Hveragerði

Hulda Kristjánsdóttir, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Gestur Þór Kristjánsson, Ölfus

Anton Kári Halldórsson, Félags- og skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillögur að varamönnum í stjórn upp til kosninga.

Tillögur samþykktar.

## 12. Önnur mál

Enginn önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 14:50

# Skýrsla stjórnar Bergrisans bs.

Starfsárið 2023-2024

Ágætu fundargestir, velkomin á aðalfund Bergrisans.

Segja má að starfsemi stjórnar Bergrisans hafi á árunum 2023-2024 einkennst af endurskipulagningu með það að markmiði að tryggja kjarnastarfsemi byggðasamlagsins og undirbúa grundvöll til frekari uppbyggingar þjónustu við fatlað fólk.

## Almennt

þrettán sveitarfélög eru aðilar að byggðasamlagi Bergrisans í gegnum fimm þjónustusvæði. Þjónustusvæðin eru Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, sveitarfélagið Ölfus og Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu.

Í stjórn Bergrisans starfsárið 2023-2024 sitja eftirfarandi aðal- og varafulltrúar: Bragi Bjarnason, stjórnarformaður, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Elliði Vignisson og Sandra Sigurðardóttir. Varamenn eru þau Eggert Valur Guðmundsson, Hulda Kristjánsdóttir, Halldór Benjamín Hreinsson og Gestur Þór Kristjánsson. Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sinnti stjórnarformennsku í Bergrisanum til og með maí 2024 og eru henni færðar þakkir fyrir sín störf.

Auk stjórnar hafa fulltrúar fagteymis og þjónusturáðs tekið virkan þátt í starfi byggðasamlagsins ásamt öðru starfsfólk aðildarsveitarfélaga Bergrisans í gegnum hin ýmsu samstarfsverkefni. Fastráðir starfsmenn Bergrisans bs. eru þrír - verkefnastjóri, skrifstofustjóri og ráðgjafarþroskaþálfí.

Árið 2023 voru haldnir 20 stjórnarfundir og það sem af er ári 2024 eru þeir 10 talsins. Voru fjölmörg verkefni afgreidd fyrir hönd byggðasamlagsins. Aukaaðalfundur var haldinn þann 20. febrúar 2023 og aftur þann 15. júní 2023. Aðalfundur var síðan haldinn 16. október 2023.

Unnið var að því að efla innri stjórnsýslu Bergrisans enn frekar á tímabilinu og var í þeirri viðleitni stofnaður samráðshópur um rekstur og skipulag Bergrisans bs. Hlutverk hópsins var að leggja mat á núverandi innra skipulag reksturs og mannauds hjá byggðasamlaginu. Samráðshóppinn skipuðu þau Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson og Sandra Sigurðardóttir. Ein tillagna hópsins var að breyta skipulagi í byggðasamlaginu á þann veg að ráða inn skrifstofustjóra sem ber ábyrgð á stjórnsýslu og rekstri Bergrisans og afleggja á móti þjónustusamning við Árborg um sömu þætti. Var Bjarki R. Kristjánsson ráðinn í starfið og tók hann til starfa í mars 2024. Verður með þessum breytingum áfram lögð áhersla á faglega þekkingu, vandaða meðferð fjármuna og öfluga stjórnsýslu.

Í kjölfar úttektar á stjórnsýslu og rekstri Bergrisans sem gerð var árið 2021 hefur verið rýnt í tækifær til umbóta í rekstri og var í samræmi við það ráðist í skipulagsbreytingar í samvinnu við þjónustusvæði um rekstur eininga þeirra. Þannig hefur skipulagi verið breytt í úrræðum fyrir föltuð börn hjá Árborg þar sem forstöðumaður skammtímadvalar er nú einnig forstöðumaður búsetu barna. Álið er að fyrirkomulagið auðveldi mótnun heildrænnar stefnu til framtíðar enda um samlegðaráhrif að ræða. Samsvarandi

fyrirkomulag er í nýjum íbúðakjarna við Nauthaga 2 í Árborg, Vallholti 12-14 og á Selvogsbraut 1 í Ölfusi, bar sem forstöðumaður er yfirmaður tveggja þjónustueininga.

Starfsemi VISS, vinnu- og hæfingarstöðva hefur verið efld enn frekar meðal annars með betri aðstöðu, fjölbreyttari verkefnum og fjölgun stöðugilda. Er það í samræmi við það að VISS hefur verið eftirsóttur vinnustaður og heldur áfram að vaxa.

Samningar við sjálfstæða aðila voru til endurskoðunar á árinu sem er að líða. Samningaviðræður við Sólheima fóru fram og gengu vel. Afraksturinn er þjónustusamningur til næstu fimm ára sem var undirritaður sl. vor. Samningur við Skaftholt hefur verið til endurskoðunar með það að markmiði að tryggja starfsemina.

### Stefnumótun

Hafin er vinna við heildstæða stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans. Stefnan verður mótuð um þjónustu við fatlað fólk á vinnustöðum fatlaðs fólks, í skammtímadvöl, frístund fyrir framhaldsskólanema og búsetu á árunum 2024-2025. Í kjölfarið verður unnið að innleiðingu aðgerðaráætlunar.

Húsnæðismál hafa lengi verið til umræðu innan byggðasamlagsins og lengi vel ljóst að þörf er sértæku íbúðarhúsnæði. Vorið 2024 fluttu fyrstu íbúarnir inn í nýjan sex íbúða kjarna við Nauthaga á Selfossi og þegar hefur verið ákveðið að byggja íbúðakjarna á Hvolsvelli en undirbúningur vegna þess verkefnis er hafinn.

Brýnt er að móta stefnu á starfssvæðinu um uppbyggingu húsnæðisúrræða þar sem lagt er heildstætt mat á þörf fyrir mismunandi húsnæði með það að markmiði að fatlað fólk hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Fer sú vinna af stað í október 2024. Hefur starfshópur kjörinna fulltrúa af þjónustusvæðinu verið skipaður vegna verkefnisins auk fagaðila.

### Gæðaeftirlit

Ríkar skyldur hvíla á sveitarfélögum þegar kemur að eftirliti með þjónustu við fatlað fólk. Hefur stjórn Bergrisans lagt áherslu á að tryggja gæði í starfseminni með öflugu eftirliti og með innleiðingu gæðaviðmiða þvert á starfssvæðið. Á árunum 2021-2022 var farið í gæðaúttekt á svæðinu og var afrakstur þess verkefnis samræmd gæðaviðmið. Nú árið 2024 var farið aftur af stað í gæðaúttekt til að festa frekar í sessi þau gæðaviðmið sem lagt var upp með árið 2021. Lýkur þeirri úttekt í nóvember 2024.

### Fjármál

Mikið hefur verið fjallað um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga þega kemur að málefnum fatlaðs fólks. Í desember 2023 náðist samkomulag á milli aðila um breytingu á fjármögnun málaflokkins. Byggði samkomulagið á skýrslu starfshóps um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk. Með samkomulaginu kom aukið fjármagn í málaflokkinn og nam hækkinum um 6 milljörðum króna. Áður höfðu flust um 5,7 milljarðar frá ríki til sveitarfélaga og var heildarhækken því tærir 12

milljarðar króna. Þessi hækkun kemur til móts við þann halla sem hefur verið á málaflokknum frá yfirfærslu en þó hefur ekki tekist að útkljá brýn mál eins og fjármögnun þjónustu við börn með fjölbættan vanda, framtíð búsetuuppbryggingar eða öryggisvistunar.

Aðildarsveitarfélög Bergrisans höfðu greitt viðbótargreiðslur til byggðasamlagsins árið 2023. Í ljósi ofangreinds samkomulags og viðbótarfjármagns sem kom í málaflokkinn var ákveðið að endurgreiða áður áætlaða fjárþörf til allra aðildarsveitarfélaga og var það gert á árinu sem er að líða.

Rekstur Bergrisans stendur traustum fótum og er nú tækifæri til sóknar þegar kemur að framboði þjónustu og húsakostar. Í allri áætlanagerð um uppbryggingu er nauðsynlegt að taka mið af því að fjármögnun málaflokksins telst ekki lokið og óljóst er hvernig henni verður háttað til framtíðar litid.

#### **Styrkir vegna úrbóta í aðgengismálum**

Að lokum vill stjórn Bergrisans benda aðildarsveitarfélögum á að opið er fyrir styrkumsóknir vegna úrbóta á aðgengismálum. Árið 2021 samþykkti innviðaráðherra breytingu á reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sem heimilaði sjóðnum að úthluta fjármagni til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks árin 2021-2022. Var þjónustusvæðum gert að standa saman að umsóknum og setti stjórn Bergrisans verklag sem miðaði við skiptingu framlaga á svæðinu eftir íbúafjölda. Alls nýttu átta sveitarfélög sér styrkina á ofangreindu tímabili. Verkefnið var framlengt til ársloka 2024. Sveitarfélög eru hvött til að fara yfir áætlanir sínar um aðgengismál og nýta þessa styrki. Nú hafa borist umsóknir frá þemur sveitarfélögum en ráðgert er að afgreiða umsóknir á stjórnarfundi Bergrisans í nóvember. Styrkumsóknir skulu ásamt fylgigögnum skulu berast til starfsmanna Bergrisans.

F.h. stjórnar Bergrisans,

Bragi Bjarnason, stjórnarformaður.

## Greinargerð með útkomuspá 2024 og fjárhagsáætlun 2025

### Útkomuspá 2024

Áætlað er að tekjur aukist töluvert frá áætlun eða samtals um 910,1 mkr. Munar þar mestu um innspýtingu í málauflokkinn sem var samþykkt eftir að fjárhagsáætlun Bergrisans fyrir árið 2024 var lögð fram, eða 737,4 mkr. Til viðbótar er áætlað að hlutur Bergrisans í útsvari sveitarfélaga verði um 65,7 mkr umfram áætlun. Að lokum eru áætlaðar 107,1 mkr tekjur vegna NPA samninga en þetta er ekki viðbót heldur var þessi upphæð dregin frá útgjöldum vegna NPA í fjárhagsáætlun ársins 2024. Er því aðeins um breytta framsetningu að ræða á NPA samningum.

Varðandi búsetu-, vinnu- og virkniúrræði hjá sveitarfélögum þá eru þau í heildina á pari við áætlun ef litið er framhjá launapotti sem var inni í fjárhagsáætlun. Flestar einingar eru mjög nærri áætlun, en helst ber að nefna að Kópurinn fer hlutfallslega aðeins yfir vegna aukningar á notendum og þyngri þjónustuþörf, Viss Gagnheiði fer yfir áætlun en tölur í áætlun voru rangar (átti að vera 112,6 mkr en var sett inn sem 99,6 mkr) og Viss Þorlákshöfn fer aðeins yfir en það var samþykkt að bæta við stöðugildi þar núna undir lok ársins. Jafnframt fer Birkimörk 21-27 aðeins framyfir en það hafði ekki verið gert ráð fyrir launahækkunum í áætlun ársins á þeirri einingu. Vallholt 27 og Nauthagi 2 voru nokkuð undir en ekki var jafnmikil nýting á báðum einingum eins og gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.

Nýr samningur var undirritaður við Sólheima á árinu og hækkuðu greiðslur til þeirra um 21,1 mkr frá áætlun ársins. Jafnframt var samþykkt að greiða viðbótarframlag að upphæð 3,6 mkr til Fögrubrekku vegna ársins 2023 sem skýrir frávik frá áætlun. Í Skaftholti hefur notendum fækkað á meðan bætt var í þjónustusamning við Klettabæ og Andrastaði en ekki hafði verið gert ráð fyrir fullu ári í þeim samningum í fjárhagsáætlun (aukningu í kostnaði er mætt með auknum framlögum frá Jöfnunarsjóði). Undir aðra þjónustusamninga falla Vinakot og samningur um iðjuþjálfa hjá HSU.

Undir notendasamningum og stoðþjónustu var sértæk þjónusta við börn ekki inni á áætlun ársins en gert er ráð fyrir 215 mkr kostnaði á árinu og koma aukin framlög frá Jöfnunarsjóði á móti hækjun hér. Í NPA samningum er útkomuspáin 153,5 mkr yfir áætlun en á móti dregst frá framlag ríkisins upp á 107,1 mkr sem er tekjufært en hafði verið fært til lækkunar á gjöldum í áætlun ársins. Raunfrávik er því 46,4 mkr sem skýrist af kjarasamningshækjunum og fjölgun NPA samninga á árinu. Gert er ráð fyrir að aðrir liðir undir notendasamningum og stoðþjónustu séu á áætlun.

Rekstrarkostnaður er aðeins umfram en munar þar helst um aðkeypta sérfræðiþjónustu og almennan rekstrarkostnað eftir aðskilnað frá Árborg en ekki hafði verið gert sérstaklega ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2024.

Ljóst er að gjöld eru að fara töluvert umfram fjárhagsáætlun og munar þar mestu um sértæka þjónustu við börn, NPA samninga og aukningu á þjónustusamningum í búsetu, vinnu og virkni. Þessum auknu útgjöldum er hins vegar mætt með innspýtingu í málauflokkinn og gott betur og stefnir því í rúmlega 600 mkr hagnað á árinu. Þess ber að geta að innspýtingin er bara nýtilkomin og því hefur ekki gefist ráðrúm til að nýta allt fjármagnið en ljóst er að þörfin er vissulega til staðar. Verður það því áskorun næstu missera að efla þjónustu á starfssvæði Bergrisans og draga úr biðlistum með hliðsjón af auknu framlagi.

## Fjárhagsáætlun 2025

Spáð er að útsvartekjur sveitarfélaga hækki um 6,7% á næsta ári og skilar það 27,8 mkr hækkun hjá Bergrisanum. Óvissa ríkir hins vegar um breytingar á framlagi jöfnunarsjóðs á næsta ári þar sem verið er að leggja lokahönd á nýjar reglur um útreikning í málaflokkum fatlaðra. Í ljósi óvissunnar var tekin sú ákvörðun að miða við óbreytt framlag milli ára. Áætlað er að framlag vegna NPA samninga hækki um 36,5 mkr á milli ára.

Nokkur hækkun er í búsetu-, vinnu- og virkniúrræðum hjá sveitarfélögnum. Munar mestu um launahækkanið næsta árs sem og að Nauthagi 2 og Vallholt 27 verður í fullum rekstri allt árið. Til viðbótar er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði við leigu vegna viðhalds húsnæðis að Birkimörk 21-27. Að lokum er um að ræða aukinn kostnað á öllum Viss stöðum á svæðinu vegna fjölgunar stöðugilda á árinu 2024 sem kemur að fullu inn á næsta ári. Er aukning stöðugilda hjá Viss liður í þeirri vegferð að auka umfang vinnu- og virkniúrræða.

Gert er ráð fyrir að úrræði hjá Klettabæ taki enda á fyrri hluta ársins og við taki önnur úrræði sem flokkast undir einstaklingsstuðning. Að öðru leyti er gert ráð fyrir hefðbundnum hækkunum á öðrum samningum fyrir utan að Vinakot (undir öðrum þjónustusamningum) fellur út.

Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir að fjölgun verði á NPA samningum og með því verði Bergrisinn með hlutfallslega sambærilegan fjölda NPA samninga og önnur svæði. Þá er sömuleiðis gert ráð fyrir fjölgun beingreiðslusamninga og stuðningsfjölskyldna auk þess sem einstaklingsstuðningur er að aukast umtalsvert. Er þetta allt hluti af áætlun Bergrisans að auka við þjónustu á svæðinu til samræmis við innspýtingu í málaflokkinn.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður hækki örlnftið miðað við útkomuspá ársins 2024.

Niðurstaða ársins stefnir í 256,4 mkr hagnað sem er aðeins um 6,5% afgangur af áætluðum tekjum sem rétt dugar fyrir rekstri á nýjum búsetukjarna sem áætlað er að opni á árinu 2026. Ljóst er að lítið má útaf bregða í rekstri ársins eigi áform um áframhaldandi uppbyggingu að standast. Að því sögðu er vinna hafin við að hámarka nýtingu og skilvirkni úrræða með það að markmiði að fatlað fólk fái þjónustu sem stuðlar að markmiðum um að geta lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum.

Selfossi, 20. september 2024

Bjarki R. Kristjánsson

Bergrjsinn bs

## TEKJUR

| Framlög og styrkir                  | Áætlun 2024          | Útkomuspá 2024       | Áætlun 2025          |
|-------------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Jöfnunarsjóður                      | 2.610.000.000        | 3.347.351.000        | 3.347.351.000        |
| Útsvar                              | 349.848.000          | 415.530.000          | 443.370.510          |
| Framlag ríkisins vegna NPA samninga | 0                    | 107.083.935          | 143.622.694          |
| <b>Samtals tekjur</b>               | <b>2.959.848.000</b> | <b>3.869.964.935</b> | <b>3.934.344.204</b> |

## GJÖLD

| Búseta, vinna og virkni - sveitarfélög | Áætlun 2024          | Útkomuspá 2024       | Áætlun 2025          |
|--|----------------------|----------------------|----------------------|
| Áltarimi 2 / Birkihólar 16-18-20       | 129.033.000          | 132.356.658          | 138.926.673          |
| Birkimörk 21-27                        | 159.544.805          | 166.545.000          | 179.250.000          |
| Kópurinn                               | 32.086.000           | 35.936.764           | 37.733.602           |
| Nauthagi 2                             | 143.345.000          | 131.342.523          | 181.972.000          |
| Selvogsbraut 1                         | 146.880.000          | 148.737.438          | 155.430.623          |
| Vallholt 9                             | 157.635.065          | 156.673.959          | 165.970.053          |
| Vallholt 12-14                         | 153.865.068          | 157.133.128          | 170.042.323          |
| Valtholt 27                            | 140.108.213          | 123.187.735          | 144.780.398          |
| Viss Flúðum                            | 16.203.600           | 16.648.828           | 19.720.000           |
| Viss Hvolsvelli                        | 26.803.572           | 26.320.428           | 33.080.857           |
| Viss Selfossi (Gagnheiði)              | 99.606.000           | 109.509.764          | 120.678.370          |
| Viss Selfossi (Sameiginlegt)           | 0                    | -668.990             | 368.275              |
| Viss Þorlákshöfn                       | 27.367.600           | 28.940.099           | 36.242.403           |
| Launapottur vegna kjarasamninga        | 109.000.000          | 0                    | 0                    |
| <b>Samtals</b>                         | <b>1.341.477.923</b> | <b>1.232.663.334</b> | <b>1.384.195.577</b> |

| Búseta, vinna og virkni - þjónustusamningar | Áætlun 2024          | Útkomuspá 2024       | Áætlun 2025          |
|---|----------------------|----------------------|----------------------|
| Sólheimar                                   | 713.773.000          | 734.916.000          | 784.155.372          |
| Sólheimar-Fagrabrekka                       | 94.000.000           | 98.873.480           | 102.828.419          |
| Skaftaholt                                  | 140.403.450          | 128.695.266          | 138.000.000          |
| Klettabær                                   | 106.946.312          | 129.091.367          | 34.500.000           |
| Embla-Andrastaðir                           | 62.910.000           | 83.880.000           | 87.235.200           |
| Aðrir þjónustusamningar                     | 0                    | 2.890.000            | 1.320.000            |
| <b>Samtals</b>                              | <b>1.118.032.762</b> | <b>1.178.346.113</b> | <b>1.148.038.991</b> |

| Notendasamningar og stoðþjónusta | Áætlun 2024        | Útkomuspá 2024     | Áætlun 2025          |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|----------------------|
| NPA                              | 244.800.000        | 398.335.741        | 538.490.777          |
| Beingreiðslur                    | 55.000.000         | 55.100.000         | 70.000.000           |
| Stuðningsfjölskyldur             | 39.008.400         | 39.000.000         | 45.000.000           |
| Önnur sértæk þjónusta við börn   | 0                  | 215.000.000        | 215.000.000          |
| Einstaklingsstuðningur           | 73.024.290         | 73.000.000         | 205.000.000          |
| <b>Samtals</b>                   | <b>411.832.690</b> | <b>780.435.741</b> | <b>1.073.490.777</b> |

| Rekstur                               | Áætlun 2024       | Útkomuspá 2024    | Áætlun 2025       |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Laun, launatengd gjöld og umsýsla     | 52.600.000        | 52.658.165        | 51.742.968        |
| Fræðsla                               | 2.500.000         | 768.184           | 2.000.000         |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta              | 0                 | 8.301.269         | 9.400.000         |
| Annar rekstrarkostnaður og afskriftir | 0                 | 7.900.831         | 9.083.377         |
| <b>Samtals</b>                        | <b>55.100.000</b> | <b>69.628.449</b> | <b>72.226.345</b> |

|                      |                      |                      |                      |
|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| <b>Samtals gjöld</b> | <b>2.926.443.375</b> | <b>3.261.073.637</b> | <b>3.677.951.690</b> |
|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|

|              |            |             |             |
|--------------|------------|-------------|-------------|
| Hagnaður/tap | 33.404.625 | 608.891.298 | 256.392.514 |
|--------------|------------|-------------|-------------|

## 18. Stjórnarfundur Arnardrangs hses

21.10.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.

Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

### 1. Yfirlæsing verkefna frá Arnardrangi

Lagt var fram nýtt minnisblað um eignarhald á fasteignum sem nýtt er fyrir úrræði Bergrisans á starfssvæðinu.

Minnisblaðinu er vísað áfram til stjórnar Bergrisans og er óskað eftir umsögn Bergrisans um málið.

### 2. Kynningarfundur um yfirlæsing verkefna

Ákveðið að halda kynningarfund um yfirlæsing verkefna frá Arnardrangi miðvikudaginn 6. nóvember kl. 15 á Teams. Skrifstofustjóra er falið að senda út fundarboð.


### 3. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 13:45.


# Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson




Undirritað af:  
Anton Kári Halldórsson  
0305833539  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 12:18:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 04915947-  
4a2a-41f5-999f-  
24a5b96e9ac4

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:  
Ása Valdís Árnadóttir  
3004825119  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 09:30:30  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 04915947-  
4a2a-41f5-999f-  
24a5b96e9ac4

Bragi Bjarnason



Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 24.10.2024  
Tími: 10:03:28  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 04915947-  
4a2a-41f5-999f-  
24a5b96e9ac4

# Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 9. október 2024 kl. 13:00 í fundarsal Vox Club á 1. hæð Hilton Reykjavík Nordica

## Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Ása Valdís Árnadóttir formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hún til að Jónína Brynjólfssdóttir yrði fundarstjóri og Gréta Mar Jósepsdóttir fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Inntaka nýrra sveitarfélaga

Tekin var fyrir beiðni Reykhólahrepps um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

Tekin var fyrir beiðni Skorradalshrepps um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

Tekin var fyrir beiðni Kjósarhrepps um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélag.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Skýrsla stjórnar

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hét 23 fundi á starfstímabilinu og bættust 2 sveitarfélög við hópinn á aðalfundi samtakanna 2022 og urðu þau því samtals 20 á tímabilinu.

Stærstu verkefni tímabilsins voru:

- Vinna við stefnumörkun og starfsáætlun stjórnar sem unnin var með aðildarsveitarfélögum.
- Stofnuð starfsnefnd um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu sem fundaði með aðildarsveitarfélögum og lagði fram tillögur sem samþykktar voru að auka aðalfundum samtakanna.
- Vinna með starfshópi um vindorku og starfshópi um skattalegt umhverfi orkuvinnslu.
- Stjórn hefur fundað með ráðherrum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skilað inn umsögnum og haldið Orkufund 2023.
- Stjórn fór í fræðsluferð á Austurland í maí 2024.
- Stjórn barst svarbréf frá ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja í febrúar 2023 og kom fram í svarbréfinu að ESA hyggst ekki gera neitt „að svo stöddu“. Að mati Jóns Jónssonar lögmanni hjá lögmannstofunni Sókn og lögmanni samtakanna í þessu máli væri mögulega hægt að opna málið hjá ESA síðar meir ef fram kæmu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á málið.

Í máli formanns kom fram að verkefnin hafi verið næg á tímabilinu og að tekið hafi verið eftir baráttu samtakanna. Stjórnin vann með hagsmuni orkusveitarfélaganna að leiðarljósi og er lítið til samtakanna í dag þegar fjallað er um orkumál, Formaður lagði áherslu á að samtökin séu þó langt í frá komin á þann stað sem samtökin vilja vera á. Margt á eftir að skýrast í skattlagningunni og vindorkumálum. Samtökin eiga einnig eftir að vinna áfram með fleiri mál í starfsáætluninni, má þar nefna afnema dreifbýlisgjald og jafna þar með raforkuverð og skoða skattlagningu flutningskerfis. Það eru því ærin verkefni fram undan.

Að lokum þakkaði formaður, fyrir hönd stjórnar, starfsnefndum samtakanna, starfsfólki samtakanna, starfsfólki Sambandsins, stjórnarmönnum og öðrum þeim sem lagt hafa samtökunum lið á starfstímabilinu. Það er mat aðildarsveitarfélaganna að nærsamfélag á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.

### 3. Ársreikningar samtakanna 2022 og 2023

Árni Eiríksson, gjaldkeri, fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2022 og 2023.

Ársreikningar samþykktir samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun samtakanna

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árin 2025-2026.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

### 5. Ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar

Stjórnin lagði til að árgjöld verði með eftirfarandi hætti:

- að gjaldið verði 150.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með innan við 1.001 íbúa
- að gjaldið verði 250.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með 1.001 - 3.000 íbúa
- að gjaldið verði 350.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með 3.001 - 5.000 íbúa
- að gjaldið verði 550.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með fleiri en 5.000 íbúa.

Lagt var til að þóknun stjórnar breytist úr því að vera krónutala í að vera tengd þingfarakaupi líkt og gert er t.d. hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tillaga er um að þóknunin verði: 2% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir almennan stjórnarmann (aðal- og varamann) – 30.516.- kr. 3,5% af þingfarakaupi á hvern fund fyrir formann – 53.404.- kr.

Ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar voru samþykkt samhljóða.

6. Kosning formanns stjórnar, aðra stjórnarmenn og varastjórn til tveggja ára

Grétar Ingi Erlendsson, formaður starfshóps sem hafði það hlutverk að koma með tillögu að nýrri stjórn, kom upp og gerði grein fyrir tillögunni sem hljóðaði svo:

Aðalstjórn:

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur – Formaður

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð

Jónína Brynjólfssdóttir, Múlaping

Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit

Varastjórn:

Kristinn Andersen, Hafnarfjarðarbær

Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshreppur

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Reykjanesbær

Fundarstjóri byrjaði á því að kjósa formann og var Ása Valdís Árnadóttir kjörinn formaður með öllum greiddum atkvæðum. Að því loknu óskaði Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings, eftir stuttu fundarhléi og varð fundarstjóri við því.

Fundur hófst að nýju og voru góðar umræður um tillöguna og mikilvægi þess að gera breytingar á samþykktum til að ferlið í kringum kjör á nýrri stjórn sé skýrt. Jafnframt bauð Ísleifur Jónasson, oddviti Ásahrepps, sig fram í aðalstjórn á fundinum.

Fundarstjóri lagði svo til leyfilega atkvæðagreiðslu í aðalstjórn þar sem allir atkvæðisbærir fundarmenn myndu kjósa fjóra einstaklinga í aðalstjórn. Niðurstaða þeirrar kosningar var eftirfarandi:

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur – hlaut 10 atkvæði

Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð – hlaut 15 atkvæði

Jónína Brynjólfssdóttir, Múlaping - hlaut 16 atkvæði

Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit – hlaut 11 atkvæði

Ísleifur Jónasson, Ásahrepp – hlaut 12 atkvæði.

Rétt kjörnir aðalfulltrúar í stjórn Samtaka orkusveitarfélaga 2024-2026 eru því Guðmundur Haukur Jakobsson, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson og Ísleifur Jónasson. Auku Ásu Valdísar Árnadóttur sem búið var að kjósa sem formann.

Fundarstjóri lagði svo fram tillögu að Kristni Andersen, Kjartani Benediktssyni og Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur í varastjórn.

Var sú tillaga samþykkt samhljóða.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri Rangárþings ytra og Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur á þróunarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

8. Önnur mál

Ása Valdís fór yfir bókun stjórnar SO vegna samráðs SSKS og SO

Ása Valdís Árnadóttir flutti lokaorð og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.

Fundi slitið kl.: 14:15